

## FUNDARGERÐ

348. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, þriðjudaginn 11. febrúar 2025 kl. 14:00.

### Mætt eru í upphafi fundar:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Eyþór Stefánsson (ES), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Vilhjálmur Jónsson (VJ), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Gestir á fundinum: Védís Vaka Vignisdóttir, verkefnastjóri HEF (#1-5 og 9)  
Þorsteinn B. Ragnarsson, tæknifræðingur HEF (#5)  
Jón Jónsson hrl. (#1, 2 og 9)

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

### Dagskrá:

---

1. Jarðhitaleit í Eiðabíngá
  2. Fjarvarmaveita Seyðisfjarðar
  3. Aðalfundur – Stefnumótun og gildi félagsins – hugmyndir
  4. Vatnsveita Djúpavogs
  5. Hreinsistöð Melshorni – staða og áætlun
  6. Mögulegt öskufall - Almannavarnaæfing
  7. Tillögur að frágangi á lóðum félagsins
  8. Fjármál
  9. Eigandastefna
  10. Mál PBP gegn félaginu
  11. Verkefni í gangi og tímaáætlanir
    - a. Fráveita á Djúpavogi
    - b. Jarðhitaleit á Djúpavogi
    - c. Endurnýjanir gatna
  12. Önnur mál
    - a. Engin
- 

#### **1. Jarðhitaleit í Eiðabíngá**

Fulltrúar stjórnar félagsins ásamt lögmanni félagsins hafa fundað með landeigendum í Eiðabíngá um samning um jarðhitaleit og -vinnslu. Jón Jónsson lögmaður fór yfir helstu atriði. Í vinnslu.

#### **2. Fjarvarmaveita Seyðisfjarðar**

Viðræður um framsal veitunnar er nú á lokametrunum og stefnt á undirritun kaupsamnings í næstu viku. Fyrstu reikningar fyrir heitu vatni á Seyðisfirði voru gefnir út í gær, fyrir janúar mánuð.

RARIK og HEF unnu saman að fréttatilkynningu sem var send á viðskiptavini fjarvarmaveitunnar í lok janúar og var jafnframt birt á heimasíðu HEF.

Ætlað er að byggðaráð Múlaþings taki málið fyrir og afgreiði á næsta fundi sínum.

### 3. Aðalfundur – Stefnumótun og gildi félagsins – hugmyndir

Ritstjórnarnefnd ársskýrslu kallar eftir upplýsingum í skýrsluna og leggur til að stefnur og gildi félagsins verði uppfærð fyrir útgáfu skýrslunnar í mars. Védís leggur til að stefnumótunarhópur verði settur á laggirnar til að vinna með stefnu og gildi félagsins. Stjórn felur Helga Hlyni og Vilhjálmi að funda með hópnum drjúgan hluta úr degi á allra næstu dögum.

### 4. Vatnsveita Djúpavogs

Fyrstu helgina í febrúar urðu íbúar varir við grugg í neysluvatni á Djúpavogi, sem orsakaðist af krapaflóði sem féll ofan við vatnsbólíð í Búlandsdal aðfaranótt laugardags. Vatnið var metið ódrykkjarhæft þar sem ekki var hægt að tryggja virkni lýsingartækis. Í tilkynningu á vef hef.is bauðst íbúum að skrá tengiliðaupplýsingar til að fá tilkynningar um framvindu í SMS.

Mánudaginn 3. febrúar var vatnið orðið tærara. Heilbrigðisstofnun Austurlands (HAUST) tók sýni og frumniðurstöður sem bárust á miðvikudeginum bentu til þess að vatnið væri öruggt til drykkjar.

Vinna við virkjun nýs vatnsbólís í eyrum Búlandsár hefur seinkað sökum forsendubrests við val á dælum, en rennslismælar á staðnum reyndust gefa rangar upplýsingar. Rennslismælar voru yfirfarnir, og með nýjar forsendur að baki voru stærri dælur pantaðar.

### 5. Hreinsistöð Melshorni – staða og áætlun

Þorsteinn kynnti stöðu mála. Hönnun mannvirkis er nú í fullum gangi og stefnt er á útboð í lok mars mánaðar. Áætlað er að hefja framkvæmdir á verkstað í byrjun maí.

### 6. Mögulegt öskufall - Almannaavarnaæfing

Fulltrúar félagsins, Glúmur og Þorsteinn, mættu á fund Almannaavarna á Austurlandi 28. janúar. Þar var á dagskrá samtal um viðbrögð við mögulegu öskufalli á Austurlandi. Fundurinn gekk vel og fékk pláss í sjónvarpsþættinum Landanum, sem sendur var út 9. febrúar. Kynningarefni Veðurstofunnar og HEF veitna er fyrirbyggjandi. Til upplýsingar.

### 7. Tillögur að frágangi á lóðum félagsins

Fyrirliggjandi eru tillögur að frágangi á lóðum félagsins, nokkrum dælustöðvum og skrifstofu, Fellabrún 1. Stjórn felur framkvæmdastjóra að áætla kostnað og gera tillögu um forgangsröðun og tímasetningu framkvæmda.

### 8. Fjármál

Farið yfir lykiltölur í rekstri og fjárfestingum 2024. Upplýsingar fara í dag og á morgun til endurskoðanda til lokauppsetningar ársreiknings og endurskoðunar.

### 9. Eigandastefna

Eigandastefnunefnd hefur fundað og hefur með fulltyngi lögmanns lagt fyrir sveitarstjórn Múlaþings (eiganda) og nú stjórn félagsins, tillögu að eigandastefnu HEF veitna. Stjórn hefur kynnt sér innihald hennar og vísar tillögunni til aðalfundar félagsins í mars n.k.

### 10. Mál PBP gegn félaginu

Landsréttur frestaði öðru sinni fyrirtöku málsins, nú til 20. febrúar (áður bókað á fundi #346).

### 11. Verkefni í gangi og tímaáætlanir

*Sjá einnig verkefni frammar í fundargerð (liðir nr. 1, 2, 4, 5 og 7)*

**a. Fráveita á Djúpavogi**

Undirbúningi 2. áfanga (sbr. bókun á fundi #356) hefur verið frestað vegna óljósra áforma sveitarfélagsins um skipulag á svæðinu.

**b. Jarðhitaleit á Djúpavogi**

Borun rannsóknarholu (DPV-34) er hafin.

**c. Endurnýjanir gatna**

Hönnunarvinna á lokametrinum fyrir Hjarðarhlíð og Bláskóga. Stefnt að útboði seint í febrúar.

**12. Önnur mál**

**a. Engin**

Fundi slitið kl. 17:55.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá. Fundargerð ritaði Aðalsteinn Þórhallsson.

# Undirritunarsíða

Samþykkt  
Aðalsteinn Þórhallsson

Samþykkt  
Ágústa Björnsdóttir

Samþykkt  
Helgi Hlynur Ásgrímsson

Samþykkt  
Ívar Karl Hafliðason

Samþykkt  
Vilhjálmur Jónsson

Samþykkt  
Eypór Stefánsson